

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. ágúst 2022  
Málsnúmer: 202207-0003  
SS

## Efni: Umsögn um matsáætlun vegna framkvæmda við Sauðárkrókhöfn

Við er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun, dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsáætlun fyrir framkvæmdir Skagafjarðarhafna og Sveitarfélagsins Skagafjarðar við Sauðárkrókhöfn.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matsáætlunina og telur að í henni sé að mestu nægjanlega vel gert grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og líklegustu umhverfisáhrifum. Mestu áhrifin eru líkleg til að verða á lífríki á grunnsævi næst höfninni vegna framkvæmda við dýpkanir, landfyllingar og byggingu varnargarða. Á landi er hafnarsvæðið nær allt manngert eða raskað og áhrif á gróður og dýralíf þar því minniháttar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er mikilvægt að fram fari könnun á botndýralífi á áhrifasvæði framkvæmdar. Í matsáætluninni segir einungis að „tekin verða sýni á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði“. Þetta er ekki skýrt eða greinargott og útskýra þarf betur í umhverfismatskýrslu hvernig sú sýnataka mun fara fram og hvar nákvæmlega. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir að ekki sé nauðsynlegt að fara í ítarlega úttekt á fuglalífi vegna framkvæmdarinnar en er tilbúin í frekara samráð við mat á áhrifum á fuglalíf eins og minnst er á í matsáætluninni.

Sérkennilegt er að ekki er fjallað um möguleg áhrif mengunar við dýpkunar- og landfyllingarframkvæmdir. Meta þarf hvort einhver hætta sé á að mengað set sé á svæðinu og/eða að mengun berist með haugsetningu. Bæta ætti umfjöllun um slíkt og tengja við mat á áhrifum á strauma og á lífríki.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsáætlunina.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

